

Mánudagur 13. nóvember, 2023  
kl. 16:00  
Gimli, Lækjargata 3, 101 Reykjavík

Mætt eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður MM og Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri MM sitja einnig fundinn.

### Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar
  - Fundargerð frá 25. september 2023 samþykkt.
2. Innsent erindi frá Listasafni Reykjavíkur
  - Markús Þór Andrésson hjá Listasafni Reykjavíkur sendi inn erindi varðandi matskvarða myndlistarsjóðs.
  - Samræður um erindi.
  - Umræður varðandi stjórnarsýslulög: stjórnvaldi ber ekki að veita rökstuðning þegar um er að ræða úthlutun styrkja á sviði lista, menningar eða vísinda skv. 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.
  - Tinna falið að skrifa svarbréf út frá samræðum og senda myndlistarráði til yfirferðar.
3. Innsent erindi frá Styrmi Erni Guðmundssyni
  - Ráðið tekur fyrir erindið.
  - Ráðið samþykkir breyttar forsendur á verkefninu.
4. Íslensku myndlistarverðlaunin 2024
  - Tinna og Auður leggja fyrir minnisblað varðandi mögulegar staðsetningar og hugmyndir í tengslum við útgáfu.
  - Samræður um staðsetningu á næsta ári.
  - Ákveðið að halda verðlaunin aftur í lðnó og huga betur að dreifingu gesta í rýminu.
  - Hugmyndir um nýjar áherslur í útgáfu í tengslum við verðlaunin ræddar.
  - Ákveðið að gefa handhöfum verðlaunanna meira vægi á næsta ári.
  - Tinna greinir frá því að búið er að auglýsa eftir útgáfum frá árinu. Eins verður opnað fyrir tillögur að tilnefningu til verðalunanna á næstu dögum.
  - Ennfremur mun Tinna senda þeim aðilum er standa að dómnefnd verðlaunana bréf og kalla eftir fulltrúum til setu í dómnefnd næstu verðlauna.
5. Önnur mál
  - Húsnæðismál: Auður greinir frá þróun mála í húsnæðismálum.
  - Vefsíða: Auður og Tinna greina frá efnisinnsetningu á nýrri vefsíðu.

Fundi slitið 17:40